

Nd.

506. Frumvarp til laga

[256. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla.

Flm.: Sigurður Blöndal.

1. gr.

Aftan við 79. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli, sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, upphitun, sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.

2. gr.

Niður falli orðið „hitun“ í 1. linu 80. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Tvær höfuðástæður eru til þess, að þetta frv. um breytingu á grunnskólalögum er lagt fram:

1. Hin gifurlega hækkan á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög, sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá, sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum.
2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill, að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð, að eðlilegt og sjálfsagt sýnist, að ríkið jafni hann.

Skv. þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur gefið, varð hitunarkostnaður skólahúsnæðis á landinu árið 1974 sem hér segir:

- | | |
|---|---------------------------|
| a. Hitaðir með olíu eða rafmagni 112 skólar | kr. 50 241 625 |
| b. Hitaðir með jarðhita | |
| ba. Utan Reykjavíkur 24 skólar | kr. 4 927 077 |
| bb. Í Reykjavík | — 17 099 530 — 22 026 607 |
| <hr/> | |
| Alls kr. | 72 268 232 |

Pegar þetta yfirlit var gert, vantaði enn þá kostnaðartölur ársins 1974 frá 5 skólum með hitaveitu og rúmum 30 skólum af „köldum svæðum“. Þeir eru þó flestir litlir og kostnaðurinn þar mundi ekki breyta heildarmyndinni, sem fram kemur í tölunum hér að ofan.

Þess verður og að geta, að í sumum skólunum er rafmagnskostnaður færður með hitakostnaði í einni upphæð, en svo vill til, að þeir eru nær allir hitaðir með jarðhita. Er því heildarupphæðin hér að ofan yfir þá, sem hitaðir eru með jarðhita, frekar of há en of lág.

Sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita má nefna, að í nokkrum þeirra skóla, sem hitað er með jarðhita, er kostnaður O, m. a. sumum stórum heimavistarskólum í sveit. Pegar hiti var virkjaður á þessum stöðum ýmsum,

var kostnaður við jarðborun felldur undir stofnkostnað, svo sem eðlilegt var, og var þá greiddur af ríkissjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Hins vegar er hitunarkostnaður við heimavistarskólana, þegar óliu er brennt, gifurlega hár. Flm. þekkir t. d. af eigin raun dæmi um slíkan skóla, sem er um 6000 m³ að rúmtaki, sem brennir óliu fyrir um 600 þús. kr., og í yfirliti menntamálaráðuneytisins er einn heimavistarskóli í sveit, þar sem hitunarkostnaður 1974 varð 1.4 millj. kr. Skóli á jarðhitasvæði af svipaðri stærð hafði O í hitunarkostnað.

Það er skoðun flm., að hinn gifurlega aðstöðumun sveitarfélaga að því er þennan sérstaka útgjaldalið varðar sé bæði rétt og skylt að ríkissjóður jafni.

Flm. er kunnugt um, að meðal forráðamanna sveitarfélaga á „köldum svæðum“ hefur óánægja yfir misskiptingu þeirri, sem dæmi hafa verið nefnd hér um, farið vaxandi. Eftir hina miklu óliuhækku síðustu 2ja ára finnst mönnum þó að kasti tólfunum.